

✉ Re: Aðalskipulag Reykjavíkur. Endurskoðun á stefnu um íbúðarbyggð og blandaða byggð og framlenging skipulagstímabils til ársins 2040

Búið til	31.8.2021 13:53:53
Höfundur	Porkell Lindberg Þórarinsson
Sent	31.8.2021 13:53:50
Tilheyrir	 202010-0029 - Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 Endurskoðun á stefnu um íbúðarbyggð og blandaða byggð og framlenging skipulagstímabils til ársins 2040

Efni

Re: Aðalskipulag Reykjavíkur. Endurskoðun á stefnu um íbúðarbyggð og blandaða byggð og framlenging skipulagstímabils til ársins 2040

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	31.8.2021 13:53:50	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Porkell Lindberg Þórarinsson - NI (Thorkell.L.Thorarinsson@ni.is)
Til	skipulag@reykjavik.is
Cc	haraldur.sigurdsson@reykjavik.is

Innihald

Góðan dag.

Tilvísun í mál nr. 202010-0029 (SS).

Vísað er í bréf frá deildarstjóra aðalskipulags á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur, dagsett þann 16. júní 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um auglýsingu að tillögu að endurskoðuðu Aðalskipulagi Reykjavíkur til ársins 2040.

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar.

Almennar ábendingar

Ekki er um heildstæða endurskoðun á aðalskipulagi heldur snýr tillagan að tilteknum breytingum. Þær varða einkum stefnu um um íbúðarbyggð innan þéttbýlis borgarinnar. Auk þess eru boðaðar stöku breytingar á völdum atvinnusvæðum og samgönguinnviðum. Tillögurnar gera einnig ráð fyrir því að tímabil aðalskipulagsins verði framlengt til ársins 2040 og í tilefni þess eru sett fram ný megin markmið í völdum málaflokkum.

Náttúrufræðistofnun Íslands er ekki lögbundinn umsagnaraðili um aðalskipulagstillögur eða -breytingar en hefur áður veitt umsagnir um endurskoðun aðalskipulagsáætlana sem og einstakra aðalskipulagsbreytinga þ.m.t. í Reykjavík. Í umsögnum sínum um aðalskipulagsáætlanir leggur Náttúrufræðistofnun áherslu á

efnisatriði er varða lögbundið hlutverk Náttúrufræðistofnunar. Þar er einkum átt við um hlutverk stofnunarinnar við að „leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda og aðstoða með rannsóknum við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifum mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar á náttúruna“ (4. grein laga um Náttúrufræðistofnun Íslands nr. 60/1992).

Í auglýstri endurskoðun eru ekki til umfjöllunar áherslur í náttúruvernd og því óbreytt viðmið og markmið núgildandi aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2040. Álit Náttúrufræðistofnunar varðar því áhrif þeirra áherslna og einstöku landnotkunaráforma sem aðalskipulagstillagan fjallar um, þ.e.a.s. stefna um íbúðarbyggð og breytingar á völdum atvinnusvæðum og samgönguinnviðum, á náttúru Reykjavíkur.

Síðan Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2040 tók gildi hafa ýmis viðmið og markmið um verndun náttúru litið dagsins ljós sem og ýmsar almennar upplýsingar varðandi einstök náttúruvirkjagerð eða svæði þ.m.t. í Reykjavík. Þar vegur þyngst ný löggjöf um náttúruvernd en í gildandi lögum nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu/skipulagsvinnu sé skoðað hvernig framkvæmdir/skipulag samræmast almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (Markmið laganna), 2. gr. (Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir) og 3. gr. (Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni).

Náttúrufræðistofnun vill einnig vísa í upplýsingar sem stofnunin hefur gefið út á síðustu árum um einstök náttúruvirkjagerð, verndargildi þeirra og kortlagningu – einkum flokkun og kortlagningu á vistgerðum (sjá Fjölrit nr. 54, Vistgerðir á Íslandi, http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf) og <http://ni.is/grodur/vistgerdir> (<http://ni.is/grodur/vistgerdir>) sjá jafnframt kortasjá <http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort> (<http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort>)), skilgreiningar og kortlagningu á mikilvægum fuglasvæðum (sjá Fjölrit nr. 55, Mikilvæg fuglasvæði, <http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi>) (<http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi>) og http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf) (http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf)), kortlagningu á náttúruminjum sem falla undir ákvæði 61. greinar laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um sérstaka vernd (<https://ni.is/midlun/utgafa/kort/serstok-vernd>) (<https://ni.is/midlun/utgafa/kort/serstok-vernd>)), jarðfræðikortasjá (<https://jardfraedikort.ni.is/>) (<https://jardfraedikort.ni.is/>) og kortlagningu á selalátrum við Ísland (<http://selalatur.ni.is/>) (<http://selalatur.ni.is/>)).

Jafnframt vill Náttúrufræðistofnun benda á tillögur stofnunarinnar fyrir framkvæmdaáætlun eða B-hluta náttúruminjaskrár en það eru svæði sem stofnunin telur mikilvægt að vernda. Öll svæðin má sjá hér: <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra> (<http://ni.is/midlun/natturuminjaskra>) en einnig má skoða tillögurnar í kortasjá, <https://natturuminjaskra.ni.is/> (<https://natturuminjaskra.ni.is/>). Alls eru 8 svæði sem eru að öllu leyti eða hluta til innan sveitarfélagamarka Reykjavíkur.

Mikilvægt er að fjallað sér um þessi viðfangsefni við endurskoðun aðalskipulags eins og við á, einkum þegar lagt er mat á umhverfisáhrif einstakra áherslna eða landnotkunarákvæðana. Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúruvernd og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Vert er að taka fram að ánægjulegt er að sjá í umhverfismatsskýrslu að horft sé til viðmiða um líffræðilega fjölbreytni og náttúruvernd úr alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að eða tekið þátt í svo sem Samningi Sameinuðu Þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni, Bernarsamningnum og Ramsarsamningnum. Á alþjóðlegum vettvangi er vaxandi umfjöllun og stefnumótun um bæði áhrif borga og borgarmyndunar á náttúru og um hlutverk borga í náttúruvernd og í því að stemma stigu við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni. Mikilvægt er fyrir Reykjavíkurborg sem stærsta sveitarfélag landsins (og eina borgin) að fylgjast með og taka þátt í slíkri umræðu og samstarfi.

Ábendingar um einstök efnisatriði

Meginviðfangsefni aðalskipulagsbreytingarinnar er stefna um íbúðarbyggð innan þéttbýlis. Lögð er áframhaldandi áhersla á þéttingu byggðar innan vaxtarmarka eins og í gildandi aðalskipulagi. Þrír valkostir eru skoðaðir, og er sá valkostur sem miðar við mestan þéttleika, valkostur A, fyrir valinu í meginatriðum. Sá valkostur felur í sér minnsta röskun á óbyggðum svæðum í jaðri byggðar en 91% af áætluðum þéttingarreitum eru á röskuðum svæðum eða svæðum sem þegar hefur verið ráðstafað undir byggð.

Sú ákvörðun að hlífa öröskuðum svæðum í jaðri byggðar er jákvæð að mati Náttúrufræðistofnunar því þar má finna náttúruminjar, einkum vistgerðir og búsvæði lífvera sem sum hafa hátt verndargildi. Þar má t.d. nefna Úlfarsá og votlendissvæði í nágrenni hennar sem eru mikilvæg búsvæði fyrir ýmsar fuglategundir og

áin sjálf laxveiðiá. Gæta þarf þess að önnur landnotkun valdi ekki óæskilegu raski á þeim náttúrusvæðum sem hlíft er fyrir uppbyggingu og nálægð við byggð getur valdið ýmis konar álagi t.d. fyrir lífríki. Áform tengd útivist, íþróttum, skógrækt, landbúnaði þarf einnig að rýna með tilliti til umhverfisáhrifa, sérstaklega á svæðum sem metin eru með hátt verndargildi.

Þá þarf einnig að huga að svæðum innan þéttbýlismarkna þar sem náttúra með hátt verndargildi er til staðar. Í tilfelli Reykjavíkur eru þetta einkum strandsvæði en einnig svæði nálægt ám og lækjum og áhugaverð jarðminjasvæði. Flest slík svæði eru undir einhvers konar verndun í dag t.d. hverfisvernd og eru ágætlega þekkt. Engu að síður þarf að huga að áhrifum af þéttingu byggðar á þessi svæði, hvort sem uppbyggingin á sér stað innan svæða eða í næsta nágrenni. Tiltekin áform í aðalskipulaginu hafa bein áhrif á mikilvæg náttúrusvæði í borginni og verður vikið að því hér á eftir.

Markmið um að auka vægi gróðurs og grænna innviða inni í byggðu umhverfi eru jákvæð og getur skapað góð skilyrði fyrir líffræðilega fjölbreytni. Huga þarf vandlega að samspili slíkra aðgerða við verndun tiltekinna náttúruminja eða -svæða þar sem meginmarkmið er að viðhalda tilteknum náttúrulegum aðstæðum sem eru mikilvægar t.d. fyrir tilteknar tegundir lífvera. Meðal annars þarf að fylgjast með að ræktaður gróður dreifi sér ekki stjórnlaust inn á náttúruleg gróðurlendi og breyti þeim þ.a. vistgerðir eða búsvæði fugla og annarra lífvera raskist. Mikilvægt er að vakta náttúruverndarsvæði með þetta í huga og bregðast við með mótvægisáðgerðum ef þarf. Sérstaklega þarf að fylgjast með og koma í veg fyrir útbreiðslu framandi ágengra tegunda inn á viðkvæm náttúrusvæði. Það getur einnig skipt máli þar sem jarðminjar og landslag með hátt verndargildi er að finna en gróðurfarsbreytingar af manna völdum geta ógnað landslagi og breytt ástandi og ástandi jarðminja.

Níu prósent áætlaðra uppbyggingarreita eru á öröskuðu landi. Í umhverfisskýrslunni er yfirlit yfir ný uppbyggingarsvæði og lagt mat á náttúrufarsgildi þeirra (Tafla 3-5). Einkum eru það svæði nálægt útjaðri byggðar sem eru skilgreint með mikið eða miðlungs náttúrufarsgildi. Náttúrufræðistofnun getur tekið undir það og vill sérstaklega benda á þau svæði sem næst eru náttúruverndarsvæðum en það eru reitur 103 Úlfarsárdalur - austurreitir og 97 Korpa III- Korpa sem eru í nágrenni við Úlfarsá/Korpu sem er hverfisvernduð og forðast skal að raska nánasta umhverfi hennar eins og hægt er. Þarna eru einnig ýmis gróðurlendi og búsvæði fugla að finna. Einnig er reitur 88 Gufunes II nálægt lítt röskuðum fjörusvæðum og huga þarf að því að uppbygging þar ógni ekki fjöruvistgerðum og landslagi fjörunnar. Þá eru enn á skipulagi uppbyggingarreitir sem ákvarðaðir voru í núgildandi aðalskipulagi en þar sem uppbygging hefur ekki átt sér stað sem eru á öröskuðu landi t.d. reitir 72-3 og 106 í Elliðaárdal sem er verndarsvæði þó skilgreindir reitir falli utan þess, reitur 89 í Keldum reitur 55 við Borgarspítala. Á þessum reitum finnast lítt snortin náttúruleg gróðurlendi, búsvæði lífvera t.d. fugla og jarðminjar. Ef enn er stefnt að uppbyggingu á þessum svæðum telur Náttúrufræðistofnun að leggja ætti mat á verndargildi þeirra áður en endanlegt deiliskipulag er unnið.

Sérstakur kafli er um uppbyggingu við Elliðaárvog og eru skilmálar og afmörkun uppbyggingarsvæðis uppfærð í samræmi við yfirstandandi deiliskipulagsvinnu. Enn er gert ráð fyrir umtalsverðri landfyllingu í Elliðaárvogi, þó útfærsla á henni hafi tekið smávægilegum breytingum frá gildandi aðalskipulagi. Áætluð landfylling fellur innan svæðis sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár – „Elliðavogur-Grafarvogur“. (Elliðavogur–Grafarvogur | Náttúrufræðistofnun Íslands (ni.is) (<https://www.ni.is/greinar/sv-ellidavogur-grafarvogur>)). Elliðaárvogur (eða Elliðavogur eins og hann heitir einnig) er mikilvægt fuglasvæði. Þó vogurinn sjálfur sé að mestu raskaður og þær víðáttumiklu leirur sem þar voru áður að mestu horfnar, þá er mynni vogsins mikilvægt fæðuöflunarsvæði fyrir fugla þ.m.t. gulönd sem er sjaldgæf á landsvísu. Tengist það mikilvægi svæðisins sem farleið fyrir laxfiska, bæði lax og sjóbirting, úr og í Elliðaárna. Svæðið hefur þolað mikið rask gegnum árin og sífellt er þrengt meira að því. Þolmörk svæðisins eru ekki að fullu þekkt en ljóst að stór landfylling líkt og sú sem áformuð er í skipulaginu munu skerða töluvert búsvæði lífvera á svæðinu. Önnur áform sem fjallað er sérstaklega í aðalskipulagsbreytingunni, framlenging á hafnargarði og dýpkun innsiglingarrennu við Snarfara Höfn í Elliðaárvogi, eykur einnig álag á svæðið. Samlegðaráhrif þessara ólíku framkvæmda (til viðbótar við þær framkvæmdir sem þegar hafa átt sér stað á svæðinu) eru ekki að fullu þekkt en hætta á að aðstæður fyrir lífríki muni versna á svæðinu. Náttúrufræðistofnun telur að forðast ætti frekari röskun á Elliðaárvogi og er því ekki fylgjandi þeim áformum sem kynnt eru í aðalskipulagsbreytingunni. Í umhverfisskýrslu er greint frá því að fjörusvæði landfyllingar verði hannað til að líkjast sem mest náttúrulegri fjöru í samráði við sérfræðinga Hafrannsóknarstofnunar. Slíkar mótvægisáðgerðir ef vel heppnast geta gert gagn en bæta ekki upp fyrir það grunnsævi sem hefur farið undir landfyllingar eða verið raskað af öðrum framkvæmdum. Sama á við um mótvægisáðgerðir annars staðar t.d. endurheimt votlendis sem eru auðvitað jákvæðar áðgerðir en bæta ekki upp þau töpuðu búsvæði sem um ræðir. Almenn ætti að stefna að því vernda sem mest öröskuð grunnsævis- og strandsvæði í Reykjavík en líkt og annars staðar í sunnanverðum Faxaflóa eru þetta lífauðug svæði. Stefnt er að friðlýsingu Grafarvogs og Blikastaðakróar sem er jákvætt. Skoða ætti fleiri

svæði með tilliti til verndar til að koma í veg fyrir frekara rask. Þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar er mikilvægt að vakta vandlega lífríki svæðisins, fiska, fugla og annað dýralíf til að fá góða mynd á áhrifin sem verða.

Áform um landfyllingu í Skerjafirði eru einnig til sérstakrar umfjöllunar í aðalskipulagsbreytingunni. Þar hefur landfyllingin einnig verið samræmd við yfirstandandi deiliskipulagsvinnu. Landfyllingin minnkar mikið frá gildandi aðalskipulagi sem er jákvætt en sú sem er auglýst mun engu að síður valda raski á fjöruvistgerðum sem falla undir 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um sérstaka verndun, búsvæðum fugla og svæði sem er hluti af tilnefningu Náttúrufræðistofnunar fyrir B-hluta náttúruminjaskrár, Álftanes-Skerjafjörður (Álftanes-Skerjafjörður | Náttúrufræðistofnun Íslands (ni.is) (<https://www.ni.is/node/18023>)). Náttúrufræðistofnun veitti umsögn til Skipulagsstofnunar um matsáætlun um landfyllinguna þann 2. október 2020 og umsögn til Reykjavíkurborgar um aðalskipulagsbreytingu vegna Nýja Skerjafjarðar þar sem landfyllingin var til umræðu, þann 28. október 2020. Er vísað í þær umsagnir fyrir nánari upplýsingar en í hnotskurn var það álit Náttúrufræðistofnunar að landfylling í Skerjafirði væri ekki ásættanlegur valkostur fyrir þéttingu byggðar í ljósi verndargildis svæðisins og að skoða ætti aðra möguleika. Er ljóst að svo hefur ekki verið gert enn, en framkvæmdin er enn í mati á umhverfisáhrifum og endanleg niðurstaða ekki komin fram.

Áform um Borgarlínu og aðra landnotkun tengda henni eru stór þáttur í aðalskipulagsbreytingunni. Vísað er í nýlega umsögn Náttúrufræðistofnunar, dags. 27. maí 2020, um sérstaka aðalskipulagsbreytingu vegna fyrsta áfanga Borgarlínu.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin til ráðgjafar um einstök mál tengt aðalskipulagsbreytingunni ef þess gerist þörf en að öðru leyti áskilur sér rétt að frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Porkell Lindberg Þórarinsson

Porkell Lindberg Þórarinsson

Forstjóri/Director General
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tel: 590 0500
Email: thorkell.l.thorarinsson@ni.is (<mailto:thorkell.l.thorarinsson@ni.is>)



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Haraldur Sigurðsson" <haraldur.sigurdsson@reykjavik.is>

To: "kjos@kjos.is" <kjos@kjos.is>; "kopavogur@kopavogur.is" <kopavogur@kopavogur.is>; "skipulag@kopavogur.is" <skipulag@kopavogur.is>; "hafnarfjordur@hafnarfjordur.is" <hafnarfjordur@hafnarfjordur.is>; "mos@mos.is" <mos@mos.is>; "postur@seltjarnarnes.is" <postur@seltjarnarnes.is>; "gardabaer@gardabaer.is" <gardabaer@gardabaer.is>; "ssh@ssh.is" <ssh@ssh.is>; "olfus@olfus.is" <olfus@olfus.is>; "blaskogabyggd@blaskogabyggd.is" <blaskogabyggd@blaskogabyggd.is>; "hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is" <hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "Jón Kjartan Ágústsson" <jon@ssh.is>; "ssh@ssh.is" <ssh@ssh.is>; "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "gudbrandur.benediktsson@reykjavik.is" <gudbrandur.benediktsson@reykjavik.is>; "Anna Lísía Guðmundsdóttir" <anna.lisa.gudmundsdottir@reykjavik.is>; "veitur@veitur.is" <veitur@veitur.is>; "office@vedur.is" <office@vedur.is>; "SFS" <sfs@reykjavik.is>; "samgongustofa@samgongustofa.is" <samgongustofa@samgongustofa.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Árný Sigurðardóttir" <arny.sigurdardottir@reykjavik.is>; "Helgi Grímsson" <Helgi.Grimsson@reykjavik.is>; "hafogvatn@hafogvatn.is" <hafogvatn@hafogvatn.is>; "os@os.is" <os@os.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Íbúaráð Vesturbær" <ibuarad.vesturbaer@reykjavik.is>; "ibuasamtokvesturbaejar@gmail.com" <ibuasamtokvesturbaejar@gmail.com>;

"ingunn.loftsdottir@isavia.is" <ingunn.loftsdottir@isavia.is>; "pryðifelagidskjöldur@gmail.com" <pryðifelagidskjöldur@gmail.com>; "shs@shs.is" <shs@shs.is>; "Berglind Magnúsdóttir" <Berglind.Magnusdottir@reykjavik.is>; "Regína Ásvaldsdóttir" <Regina.Asvaldsdottir@reykjavik.is>; "Íbúaráð Árbær og Norðlingaholt" <ibuarad.arbaerognordlingaholt@reykjavik.is>; "Íbúaráð Breiðholt" <ibuarad.breidholt@reykjavik.is>; "Íbúaráð Grafarholt og Úlfársardalur" <ibuarad.grafarholtogulfarsardalur@reykjavik.is>; "Íbúaráð Grafarvogur" <ibuarad.grafarvogur@reykjavik.is>; "Íbúaráð Kjalarnes" <ibuarad.kjalarnes@reykjavik.is>; "Íbúaráð Háaleiti og Bústaðahverfi" <ibuarad.haaleitiogbustadir@reykjavik.is>; "Íbúaráð Laugardalur" <ibuarad.laugardalur@reykjavik.is>; "Íbúaráð Miðborg og Hlíðar" <ibuarad.midborgoghlidar@reykjavik.is>; "hms@hms.is" <hms@hms.is>; "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "Anna Kristinsdóttir" <Anna.Kristinsdottir@reykjavik.is>; "Huld Ingimarsdóttir" <Huld.Ingimarsdottir@reykjavik.is>; "Ómar Einarsson" <omar.einarsson@reykjavik.is>; "Halldóra Káradóttir" <halldora.karadottir@reykjavik.is>; "hofnin@faxaports.is" <hofnin@faxaports.is>; "sorpa@sorpa.is" <sorpa@sorpa.is>; "sa@sa.is" <sa@sa.is>; "svth@svth.is" <svth@svth.is>; "mottaka@si.is" <mottaka@si.is>; "saf@saf.is" <saf@saf.is>; "gb@graennibyggd.is" <gb@graennibyggd.is>; "landvernd@landvernd.is" <landvernd@landvernd.is>; "ibuarlaugardals@gmail.com" <ibuarlaugardals@gmail.com>; "elisabetgisla@simnet.is" <elisabetgisla@simnet.is>; "midbaerinn@midbaerinn.is" <midbaerinn@midbaerinn.is>; "laufbrekka@kjalarnes.is" <laufbrekka@kjalarnes.is>; "elisabet.petursdottir" <elisabet.petursdottir@reykjavik.is>; "landsnet@landsnet.is" <landsnet@landsnet.is>
CC: "Helena Stefánsdóttir" <Helena.Stefansdottir@reykjavik.is>; "Björn Axelsson" <bjorn.axelsson@reykjavik.is>; "Þuríður Guðmundsdóttir" <Thuridur.Gudmundsdottir@reykjavik.is>; "Gunnar Hersveinn Sigursteinsson" <gunnar.hersveinn@reykjavik.is>
Subject: Aðalskipulag Reykjavíkur. Endurskoðun á stefnu um íbúðarbyggð og blandaða byggðog framlenging skipulagstímabils til ársins 2040
Date: 16.6.2021 10:39:19

Góðan daginn

Um leið og þakkað er fyrir athugasemdir og umsagnir sem bárust við drög að aðalskipulagstillögu síðastliðinn vetur, er hér með tilkynnt að lögformleg auglýsing endurbættrar aðalskipulagstillögu hefst mánudaginn 21. júní og stendur til 23. ágúst nk.

Aðalskipulagstillagan, ásamt fylgiskjölum og kynningarefni má finna á adalskipulag.is og á reykjavik.is. Í Viðauka 8 í skjalinu *Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, tillaga, maí 2021*, má finna yfirlit yfir aðsendar athugasemdir og umsagnir sem bárust á vinnslustigi tillögunnar og umfjöllun um þær.

Sjá nánar auglýsingatexta hér að neðan og hér <https://reykjavik.is/thjonusta/adalskipulag-reykjavikur> (<https://reykjavik.is/thjonusta/adalskipulag-reykjavikur>)

bestu kveðjur,

Haraldur Sigurðsson, skipulagsfræðingur (Msc.)

Deildarstjóri aðalskipulags

Umhverfis- og skipulagssviði

Reykjavíkurborgar

Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, tillaga

Endurskoðun stefnu um íbúðarbyggð og blandaða byggð og tæknileg uppfærsla Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030, með lengingu skipulagstímabils til ársins 2040.

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti þann 15. júní 2021 að auglýsa tillögu að Aðalskipulagi Reykjavíkur til ársins 2040. Aðalskipulagstillagan er uppfærð og endurbætt útgáfa þess aðalskipulags (AR2030) sem staðfest var fyrir rúmum 7 árum. Tillagan byggir þannig á sýn og stefnumörkun AR2030, sem staðfest var í febrúar árið 2014 að undangengnu löngu og ítarlegu samráðs- og kynningarferli. Breytingartillögur miða allar að því að tryggja betur framfylgd núgildandi megin markmiða aðalskipulagsins um sjálfbæra

borgarþróun. Breytingarnar snúa einkum að stefnu um íbúðarbyggð innan þéttbýlis borgarinnar. Auk þess eru boðaðar stöku breytingar á völdum atvinnusvæðum og samgönguinnviðum. Tillögurnar gera einnig ráð fyrir því að tímabil aðalskipulagsins verði framlengt til ársins 2040 og í tilefni þess eru sett fram ný megin markmið í völdum málaflokkum.

Aðalskipulagstillagan, greinargerð ásamt skipulagsuppdráttum, er auglýst samkvæmt 1. mgr. 36. gr, sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010. Tillögunni fylgir umhverfisskýrsla, sbr. lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana og önnur fylgiskjöl. Tillagan er einnig auglýst með athugasemdum Skipulagsstofnunar, dagsettar 20. maí 2021. Nálgast má öll skipulagsgögn á adalskipulag.is og reykjavik.is

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:30 – 16:00, frá 21. júní 2021 til og með 23. ágúst 2021. Tillagan er einnig til sýnis á Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b .

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til Umhverfis- og skipulagssviðs, Borgartúni 12-14 eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 23. ágúst 2021. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Sent til:

Íbúaráð í öllum borgarhlutum

Umhverfis- og heilbrigðisráð

Velferðarráð/svið

Skóla-og frístundaráð/svið

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Fjármála- og áhættustýringarsvið

Öldungaráð

Ungmennaráð

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Faxaflóahafnir

Sorpa

Orkuveita Reykjavíkur

Orka náttúrunnar

Veitur

Borgarsögusafn

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH),

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins,

Kópavogsbær, Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær, Kjósarhreppur, önnur nágrannasveitarfélög

Skipulagsstofnun

Umhverfisstofnun

Minjastofnun Íslands,

Vegagerðin

Samgöngustofa

Isavia

Náttúrufræðistofnun Íslands

Hafrannsóknarstofnun

Orkustofnun

Veðurstofan

Landsnet

Húnsæðis- og mannvirkjastofnun Samtök atvinnulífsins,

Samtök iðnaðarins

Samtök ferðaþjónustunnar

Samtök verslunar og þjónustu

Grænni byggð

Landvernd

Íbúasamtök

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

Viðhengi

image001.png (5 KB)